

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 105 - 105. mál

Fyrirspurn

til heilbrigðismálaráðherra um fræðslu um meðferð kynferðisafbrot.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Munnlegt svar

Er hafin vinna við að samræma og efla fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrot?

Virðulegi forseti.

Háttvirtur sjöundi þingmaður Suðurlkjördæmis, Björgvin G. Sigurðsson, hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn: "*Er hafin vinna við að samræma og efla fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrot?*".

Spurningin er viðtæk, en svar mitt tekur mið af heilbrigðisþjónustu eingöngu og þeim fagstéttum sem starfa á því sviði.

Ekki er hafin nein vinna svo mér sé kunnugt við að samræma fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrot, og ekki kannast starfsmenn heilbrigðisþjónustu við áform um það. Heilbrigðisstéttirnar hafa hins vegar á undanförmum árum lagt töluverða vinnu í að efla þekkingu á þessu sviði, samhliða því að upplýsingar um umfang og afleiðingar kynferðisafbrot hafa aukist.

Þróun þekkingar á þessu sviði er mjög mikilvæg, og sú reynsla sem fengist hefur af neyðarmóttöku vegna nauðgana og annarri þjónustu á svipuðu sviði, hefur verið nýtt til að fræða heilbrigðisstarfsmenn og verðandi heilbrigðisstarfsmenn betur en áður um ýmsa þætti þessa viðkvæma hluta heilbrigðisþjónustunnar.

Þessi miðlun þekkingar fer þó fyrst og fremst fram í menntastofnunum og að minna leyti í starfsþjálfun á heilbrigðisstofnunum.

Engin ágreiningur er um að þessum þætti þjónustunnar þarf sinna eins vel og kostur er, og öllum er nú ljós hinar alvarlegu afleiðingar sem þessi afbrot geta haft á þá sem fyrir þeim verða. Oft er um að ræða langtímaáhrif sem eru ekki endilega tengd með skýrum hætti við afbrotið, og er því mikilvægt að starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar séu vakandi fyrir orsökum og vel í stakk búnir til að mæta þörfum þessara skjólstæðinga er þeir leita sér hjálpar.

En eins og áður segir, eru ekki uppi nein sérstök áform um að samræma þessa þekkingu, og ábyrgð á menntun heilbrigðisstétta er ekki nema að hluta til á herðum heilbrigðisþjónustunnar.

(Talað orð gildir)